

Fundargerð Deltadeildar 16. febrúar 2022

Mættar voru: Jónína Erna, Jónína Eiríks, Jensína, Sóley, Soffía, Elsa, Ásta, Jóhanna, Brynja, Halldóra, Sjöfn, Valgerður og Theodóra.

Fundurinn var haldinn í Reykholti í Borgarfirði og hófst hann kl. 17:30.

Jónína Eiríksdóttir tók á móti hópnum í gamla héraðsskólanum sem nú geymir varaeintakasafn Landsbókaafns Íslands en hún er eini starfsmaður þess safns, sem sinnir því reglulega á staðnum. Hlutverk safnsins að varðveita prentuð íslensk gögn, ætluð almenningi, einnig prentanir erlendis. Í gildi eru lög um skylduskil og safnið er einn af varðveislustöðum þjóðarinnar, lokaður almenningi. Gegnir, landskerfi bókasafna á Íslandi heldur utanum forða safnsins einsog annarra safna á landinu og á leitir.is er hægt að fletta upp og sjá, hvaða efni er til og hvar það er. Varaeintakasafnið er fyrst og fremst til varðveislu og er því afnot almennings af gögnum þess óheimil.

Heimsóknin var afar athyglisverð. Eftir að hafa fræðst um safnið og farið um allar hæðir og fengið innsýn inn í starfsemina var haldið að heimili Jónínu þar sem formlegur fundur fór fram.

1. Jónína Erna formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, hjálpsemi og trúmennsku.
2. Sjöfn G Vilhjálmsdóttir sagði okkur á áhugaverðan hátt frá uppvexti sínum undir liðnum “Hver er ég?”, en Sjöfn er leikskólakennari, alin upp í vesturbæ Kópavogs í nálægð við náttúru, við frjálsan leik og mikla þátttöku í félagslífi s.s. skíðaiðkun, skátastarfi og sundi en seinna gerðist hún formaður sundfélagsins og þjálfari. Nú er Sjöfn leikskólastjóri og bóndi á bænum Ásgarði í mynni Reykholtisdals.

Sjöfn var þakkað fyrir hennar góða og skemmtilega innlegg

3. Ásta Egisdóttir flutti okkur orð til umhugsunar og gaf hún okkur innsýn inn í líf sitt eftir formleg starfslok sem kennari í Grundaskóla. Í innleggi sínu sagði hún frá því hvernig hún leggur áherslu á að halda virkni og heilbrigðum lífstíl til þess að njóta þriðja æviskeiðsins og allra tækifæra sem felast í því. Hún sagði einnig frá verkefni sem hún hefur verið að vinna með Jóhönnu Karlsdóttur Deltakonu.

Ástu var þakkað fyrir upplýsandi og athyglisverða hugvekju.

Jónína Eiríks bar fram dýrindis kjúklingasúpu með öllu tilheyrandi sem fundarmenn gæddu sér á af mikilli ánægju.

4. Eva Björg Ægisdóttir rithöfundur, kom á fundinn til þess að fjalla um verk sín en Eva er fædd og alin upp á Akranesi. Eva hefur skrifað fjórar bækur og eru ritstörfin hennar aðalstarf. Hún hefur skrifað fjórar bækur. Nýjasta bók hennar sem kom út um síðustu jól heitir “Þú sérð mig ekki” Deltakonur höfðu valið sé þá bók til að lesa yfir jólin. Eva sagði frá því hvernig það atvikaðist að hún fór að skrifa og hvernig hún hagar ritstörfum sínum. Það fór ekki fram hjá fundarmönnum að Eva hefur ríka ástríðu fyrir bókum og ritstörfum og verður spennandi að fylgjst með henni í framtíðinni. En nú þegar hafa bækur hennar verið þýddar á nokkur tungumál og um 200.000 eintök verið seld í Evrópu.

Eva var þakkað fyrir komuna og fyrir að veita okkur innsýn inn í rithöfundastarfið og hvernig hún nálgast sín bókaskrif.

Jónína Eiríks bar fram kaffi og marengsköku sem fundarkonur nutu vel.

5. Að lokum var happdrættið og vann Sjöfn vinninginn að þessu sinni.
6. Elsa minnti á Vorráðstefnu samtakanna 7. maí í Reykjavík og að formaður minnti á netfyrirlestra samtakanna og næsta fund sem verður 24. mars á Akranesi.

Fundi slitið upp úr kl. 22 og fundarmenn héldu út í kyrrðina í vetrarríkinu.

Valgerður ritaði fundargerð.